



Hlekkir

Heimasíða Deloitte

Tengiliðir

**Jón Kristinn Ragnarsson**  
Sérfræðingur | ERS  
[jon.kristinn@deloitte.is](mailto:jon.kristinn@deloitte.is)  
+ 354 580 3110

**Úlfar Andri Jónasson**  
IT sérfræðingur | ERS  
[ulfar@deloitte.is](mailto:ulfar@deloitte.is)  
+ 354 580 3322

## Vírin 11.tbl.3.árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírin er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

### **Ekki allir sáttir þegar botnet eru felld**

#### **Afleidd störf vegna botneta líka mikilvæg**

Vírin hefur áður fjallað um þegar stórir aðilar, til dæmis Microsoft, hafa tekist á við stór botnet (*her af sýktum tölvum*). Nú hefur Microsoft ásamt fleirum aðilum náð að fella mjög stórt net sem sýkt var af Citadel vírusnum. Citadel vírusinn hefur verið skæður seinustu ár og er helst notaður til að stela bankaupplýsingum. Af þeim rúmlega 4000 stjórnþjónum (sem eru notaðir til að stýra botnetinu) hefur komið í ljós að meira en 1000 af þeim höfðu þegar verið teknir til notkunar af þeim sem stunda rannsóknir á aðferðum og virkni tölvuprjóta og höfðu verið notaðir til að rannsaka Citadel óværuna. Þannig var fylgst með virkni óværunnar, hversu stór hún væri og þannig reynt að hjálpa til í baráttunni gegn óværunni. Þessir rannsóknaraðilar, sem eru margir á vegum háskóla og vírusvarnarfyrirtækja, eru nú allt annað en sáttir við Microsoft og félagi, enda fór þarna mikið og gott tækifæri til rannsókna á botnetum. Hérna eru þó tvær leiðir að sama markinu, það er að minnka áhrif af völdum netóværu, en önnur er hins vegar talsvet fínlegri en hin.

**Meira ▶**

### **Breskar netveitur farnar að loka fyrir skráardeilisíður**

#### **Barátta kattar og músar heldur áfram**

Nýleg ákvörðun dómstóla í Bretlandi hefur sett þá kvöð á margar netveitur að loka fyrir aðgang að svokölluðum torrent skráarskiptisíðum, þar sem er meðal annars skipst á kvikmyndum og tónlist sem varin er með

höfundarrétti. Lokað hefur verið fyrir aðgang að vissum síðum/lénum, en margar slíkar síður eru fljótar að setja upp afritaðar síður á annarri slóð þannig að niðritími hefur ekki verið langur. Nú hafa stjórnvöld í Bretlandi hins vegar fengið leyfi til að bæta síðum á bannlista sinn án þess að þurfa til þess úrskurð eða að þurfa að gera þær upplýsingar opinberar. Margir hafa séð þetta sem stórt skref í átt að ríkisleyfðri ritskoðun. Torrent-síður eru þegar komnar með lausnir framhjá þessari bannfæringu breskra yfirvalda. Þannig mun þessi endalausa barátta halda áfram.

[Meira ▶](#)

## Hverjir ættu að hafa áhyggjur af PRISM?

### Er um óþarfa áhyggjur að ræða?

Nokkuð hefur verið fjallað um PRISM, nýjónakerfi Bandaríkjamanna, seinustu vikur. Komið hefur í ljós að Bandaríkjamenn virðast hafa stundað stórtækar nýjónir á þegnum sínum og fleirum seinustu árin þar sem hleruð var notkun á mörgum vinsælustu þjónustum dagsins (*t.d. Google, Facebook, Skype, YouTube og fleiri*). PRISM virðist vera það stórtækt að fáar aðferðir eru til að sleppa undan því eftirliti. Það eru þó nokkrar leiðir sem hafa verið taldar til og hægt er að nota ef vilji er fyrir því. Fyrst er að notast ekki við þessar algengustu þjónustur eins og Gmail eða Hotmail eða algengar leitarvélar eins og Google eða Bing. Þekkt er að þessar þjónustur vakta það sem gert er í þeim tilgangi að selja auglýsingar. Til eru leitarvélar og pósthjónustur sem lofa að slíkt sé ekki viðhaft hjá þeim. Annað er að notast ekki við snjallsíma, enda hefur Vírinn margsinnis fjallað um allar þær leiðir sem hægt er að nota til eftirlits í gegnum tækni símans. Þriðja sem vert er að nefna er að taka upp og notast við dulritun í öllum samskiptum sínum á netinu. Þetta þurfa ekki að vera flóknar aðferðir, en geta þó haft mikið að segja fyrir þá sem kunna illa við að allar aðgerðir þeirra séu vaktaðar án nokkurra spurninga um sekt eða sakleysi. .

[Meira ▶](#)

## Hert löggjöf ESB gegn tölvuvá getur valdið erfiðleikum

### Ekki bara mismunandi svart – heldur líka hvítt og grátt

Um þessar mundir er unnið að löggjöf innan ESB sem ætlað er að berjast gegn tölvuþrjótum og þeim sem notast við botnet í illum tilgangi. Kemur þar meðal annars fram að þeir sem reka botnet geta verið dæmdir í allt að þriggja ára fangelsi. Löggjöfin hefur hins vegar verið gagnrýnd fyrir að gera engan greinarmun á þeim sem stunda rannsóknir á tölvubúnaði og kerfum í góðum tilgangi (e. *WhiteHats*) og hinum. Vírinn hefur meðal annars fjallað um tölvuhakkara eða aðra sem leita að öryggisglufum í þekktum kerfum, en samkvæmt þessari löggjöf eiga þessir aðilar á hættu að vera meðhöndlaðir sem glæpamenn, og að sitja í fangelsi í allt að tvö ár. Löggjöfin hefur verið gagnrýnd fyrir að leggja ekki meiri áherslu á framleiðendur hugbúnaðar og ábyrgð þeirra á göllum í hugbúnaði, og

mætti auka hvatningu til þeirra til að hanna kerfin eins örugg og mögulegt er. Málið er rætt innan ESB, og munu þeir sem þar hafa sæti hafa tækifæri til að hafa áhrif á þau mál.

**Meira ▶**

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

**Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama**

Kveðja,

**Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd**

---

Smáratorg 3  
201 Kópavogur  
Íceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 **Deloitte RSS feeds**  
**Afskráning**